



Fundargerð hreppsnefndar 06. júní 2013

Hreppsnefndarfundur haldinn fimmtudaginn 6. júní 2013 kl. 16.00 í félagsheimilinu Miklagarði.

Á fundinn voru mætt Bárður Jónasson, Björn Hreinsson, Eyjólfur Sigurðsson, Sigríður E. Konráðsdóttir, Fjóla Valsdóttir, Kristján Guðjónsson, og Signý Kristjánsdóttir. Jafnframt var mættur sveitarstjóri, Þorsteinn Steinsson, sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. mál. Fundargerð hreppsnefndar frá 22. maí sl.
Lögð fram fundargerð hreppsnefndar frá 22. maí sl.
Fundargerðin síðan samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.

2. mál. Fundargerð byggingar og skipulagsnefndar frá 17. maí sl.
Lögð fram fundargerð byggingar- og skipulagsnefndar frá 17. maí sl.
Sveitarstjóri kvaddi sér hljóðs undir 4. tl. fundargerðarinnar og gerði grein fyrir stöðu málsins. Eyjólfur kvaddi sér hljóðs undir 6.tl. og lagði fram svofellda bókun:

“Við, undirrituð, leggjum til að sveitarfélagið setji sér reglur um hámarksfjölda smáhýsa á lóð, eitt smáhýsi á lóð.”

Sign.

Eyjólfur Sigurðsson og Sigríður E. Konráðsdóttir.

Fyrirliggjandi bókun var síðan borin undir atkvæði.
Samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.

Fundargerðin síðan samþykkt að öðru leyti með 6 atkvæðum.

3. mál Fundargerð fræðslunefndar frá 8. maí sl.
Lögð fram fundargerð fræðslunefndar frá 8. maí sl. Varðandi 6.tl fundargerðarinnar var kynnt auglýsing eftir tónlistarkennara. Fram komu nokkrar fyrirspurnir sem var svarað.
Samþykkt að auglýsa með þessum hætti eftir kennara.

4. mál. Skóli og íþróttahús; utanhússviðhald. Útboð
Gerð grein fyrir útboði, vegna múrviðgerða og málningar úti í grunnskóla og íþróttahús. Tilboðum verður skilað mánudaginn 10. júní nk. kl.11.00
Fundarmenn voru ánægðir með framgang mála.

5. mál. Verksamningar, vegna hitastigulshola og rannsókna á haugasvæði.
Lagðir fram verksamningar við verkfræðistofuna Stapa, annars vegar vegna hitastigulshola í Selárdal og hins vegar vegna nauðsynlegra rannsókna á haugasvæði bæjarins ofan Búðaraxlar. Holurnar eru í tengslum við umhverfismatsskýrslu, sem unnið er að.
Samningarnir hafa verið undirritaðir með fyrirvara um samþykki sveitarstjórnar. Jafnframt var lögð fram staðfesting Orkusjóðs á greiðslu styrks vegna hitastigulsholanna fyrri 75 % kostnaðar allt að fjárhæð liðlega 5,6 m.kr.

Gerð var grein fyrir verkefnum. Að umræðum loknum voru samningarnir bornir undir atkvæði. Hreppsnefnd samþykkti þá samhljóða fyrir sitt leyti með 7 atkvæðum.

6. mál Ollasjoppa, ósk um áframhaldandi þjónustusamning.
Lögð fram beiðni Ollasjoppu, þar sem óskað er eftir framlengingu á þjónustusamningi milli Sjoppunnar og Vopnafjarðarhrepps. Fyrir fundinum lá afrit af fyrri samningi sem gilti til 15. maí 2013.

Farið var yfir efnisatriði málsins og í framhaldi var lagt til að gera nýjan samning til eins árs á sömu nótum og hinn fyrri.

Að umræðum loknum var fyrirliggjandi tillaga samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.

7. mál. Samstarf Einherja og Vopnafjarðarhrepps um uppbyggingu íþróttasvæðis. Bréf KSÍ dags. 22. apríl sl., varðandi styrk. Áður tekið fyrir á fundi hreppsnefndar 22. maí sl.

Um málið var áður fjallað á fundi hreppsnefndar 22. maí sl., þar hafði svofelld tillaga verið lögð fram:

“Hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps samþykkir að veita Einherja 5.000 þús. kr. styrk til framkvæmda við nýjan grasvöll. Framkvæmdin taki fullt tillit til endurskoðaðs skipulags, sem unnið verður af svæðinu. Framkvæmdirnar skulu unnar í fullu samráði við Vopnafjarðarhrepp. Flýta skal endurskoðun skipulags eins og frekast er kostur.”

Endanlegri afgreiðslu málsins var frestað á fundinum 22. maí sl., til næsta fundar hreppsnefndar og var samþykkt að fá skipulagshönnuð svæðisins á fund í millitíðinni og fara yfir hugmyndir að breyttu skipulagi.

Á þann fund voru einnig boðaðir fulltrúar skipulagsnefndar sveitarfélagsins og Einherja.

Umræddur fundur hefur átt sér stað, þar sem farið var yfir þessi mál með fulltrúum allra þeirra aðila sem að ofan eru nefndir.

Fundarmenn lýstu sjónarmiðum sínum varðandi málið. Lögð var fram breytingartillaga við ofangreinda tillögu þess efnis að aftan við hana bætist:

“ Jafnframt verði kallað eftir kostnaðar- tíma -og verkáætlun fyrir verkið.”

Í framhaldi var fyrirliggjandi breytingartillaga borin undir atkvæði.

Breytingartillagan samþykkt samhljóða með 7 atkv.

Tillagan síðan í heild sinni svo breytt samþykkt með 7 atkvæðum.

Í heild hljóðar því tillagan þannig: “Hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps samþykkir að veita Einherja 5.000 þús. kr. styrk til framkvæmda við nýjan grasvöll. Framkvæmdin taki fullt tillit til endurskoðaðs skipulags, sem unnið verður af svæðinu. Framkvæmdirnar skulu unnar í fullu samráði við Vopnafjarðarhrepp. Flýta skal endurskoðun skipulags eins og frekast er kostur. Jafnframt verði kallað eftir kostnaðar- tíma -og verkáætlun fyrir verkið.”

8. mál. Stofnun framhaldsskóladeildar á Vopnafirði. Bréf Menntamálaráðuneytisins frá 27. maí sl. Lagt fram bréf mennta -og menningarmálaráðuneytisins, varðandi stofnun framhaldsskóladeildar dags. 27. maí sl. Í bréfinu kemur fram að ekki er fjárveiting á fjárlögum 2013 til stofnunar slíkrar deildar, en framlag árið 2014 er til skoðunar í mennta – og menningarmálaráðuneytinu.

Talsverðar umræður urðu um þessi mál þar sem fundarmenn lýstu sjónarmiðum sínum.

Í framhaldi samþykkti hreppsnefnd að vísa erindinu til kynningar í sérstaklega kjörna framhaldsskólanefnd sem kjörin var til þess að vinna að framgöngu málsins.

Jafnframt samþykkt að oddviti og sveitarstjóri í samráði við nefndina vinni að framgangi málsins í Menntamálaráðuneytinu.

Málsmeðferð þessi samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.

9. mál. Aðalfundur Atvinnuþróunarsjóðs Austurlands, sem haldinn verður 10. júní nk. á Egilsstöðum.

Aðalfundur Atvinnuþróunarsjóðs Austurlands verður haldinn á Egilsstöðum 10. júní nk. Fyrir fundinum lá dagskrá fundarins. Jafnaframt lágu fyrir tillögur um að leggja niður núverandi sjóð og stofna jafnframt nýjan.

Hreppsnefnd samþykkir fyrir sitt leyti að gengið verði til verka í anda þess sem lýst er í fyrirliggjandi tillögum en minnir jafnframt á svofellda tillögu hreppsnefndar um málið, sem samþykkt var í sveitarstjórn 21.mars sl.:

“Hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps leggur til að starfræktur verði sérstakur atvinnuefningarsjóður á Austurlandi eins og lagt er til að gert verði á fundi stjórnar Atvinnuþróunarsjóðs Austurlands þann 7. mars sl.

Hreppsnefnd telur þó að fara þurfi betur yfir stjórnkerfi fyrir slíkan sjóð og einfalda hvernig staðið sé að úthlutunum úr sjóðnum. Ein af megin forsendunum fyrir stofnun Austurbrúar ses. var að fækka stjórnar og nefndarfundum og er hér lagt til að í þá stefnu verði haldið. Jafnframt þarf að skoða vel hversu stór hluti fjárframlaga slíks sjóðs geti runnið til verkefna á vegum Austurbrúar og hvernig ákvarðanir eru teknar um slíkt.”

Jafnframt samþykkir hreppsnefnd að fulltrúi hreppsnefndar á fundinum verði Sigríður Bragadóttir og til vara Þorsteinn Steinsson, sveitarstjóri

10. mál Sundlaug í Selárdal, kalt vatn o.fl.

Gerð var grein fyrir vinnu við skoðun á öflun kalds vatns á svæði sundlaugarinnar í Selárdal. Í þessum efnum lýsti oddviti fundi um málefnið, þar sem voru mættir fulltrúar sveitarfélagsins, veiðifélags Selár og jarðfræðistofunni Stapa.

Á þeim fundi varð, sú, niðurstaða að veiðifélagið reyndi að virkja lind, sem er ofan við veg sem liggur niður að sundlauginni. Beðið yrði með aðra kosti þar til í ljós kæmi hvaða niðurstaða fengist úr þessari tilraun.

Jafnframt var farið yfir stöðu mála varðandi útboðsgögn vegna viðbyggingar við Sundlaugina, en kallað verður eftir tilboðstölum í verkið eins fljótt og kostur er.

Hreppsnefnd samþykkti samhljóða með 7 atkvæðum að kallað verði eftir slíkum tilboðum.

11. mál. Hálendisvegur, styrkbeiðni. Bréf Sigurðar Gunnarssonar dags. 19. maí sl.

Lagt fram bréf Sigurðar Gunnarssonar, þar sem óskað er annars vegar eftir að Vopnafjarðarhreppur taki undir stuðningsyfirlýsingu varðandi undirbúning á hálendisvegi um Sprengisand. Jafnframt er óskað eftir sérstökum fjárstuðningi í þessu sambandi.

Hálendisvegur af þessum toga er góðra gjalda verður og mun að sjálfsgöðu breyta heilmiklu um samskipti milli Norðausturlands og Suðurlands, þegar hann verður raunin.

Vopnafjarðarhreppur telur ekki á þessu stigi rétt að undirrita yfirlýsingu af þessum toga á meðan ekki er mögulegt að veita nægjanlegum fjármunum til þess að byggja upp vegi með bundnu slitlagi milli þéttbýlisstaða á láglandi hvað þá að halda þjóðvegakerfi landsins við með sómasamlegum hætti eins og dæmin sanna.

Áður en að slíkri yfirlýsingu kemur væri nær að aðstoða vegagerðina við að fá nægjanlegt fjármagn til viðhalds þjóðvega landsins og til þess að leggja bundið slitlag til allra þéttbýliskjarna og á milli þeirra.

Málmeðferð þessi var smþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.

12. mál. Ýmis mál og fundargerðir

a) Fundargerð stjórnar sveitarfélaga á köldum svæðum frá 17. maí sl.

Lögð fram til kynningar.

b) Fundargerð Heilbrigðiseftirlits Austurlands frá 29. maí sl.

Lögð fram til kynningar.

c) Frétt Austurbrúar dags. 2. júní sl., varðandi Strætisvagna Austurlands.

Lögð fram til kynningar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17.53